

BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1986.

Gullbringusýsla:

Auðnir II á loðdýrabúi í landi Auðna, Vatnsleysustrandarhreppi.

Ásgarður III á loðdýrabúi í landi Ásgarðs I, Miðneshreppi.

Reykjavík:

Prístikla á garðyrkjubýli í landi Lambhaga.

Borgarfjarðarsýsla:

Lundur II á loðdýrabúi í landi Lundar, Lundarreykjadalshreppi.

Dalasýsla:

Skarðsá á iðnaðar- og þjónustubýli í landi Geirmundarstaða, Skarðshreppi.

Austur-Barðastrandarsýsla:

Garðar á garðyrkjubýli í landi Reykhóla, Reykhólahreppi.

Norður-Ísafjarðarsýsla:

Nauteyri II á fiskræktarbýli í landi Nauteyrar, Nauteyrahreppi.

Austur-Húnavatnssýsla:

Lækjardalur í stað nafnsins Efri-Lækjardalur í Engihlíðarhreppi.

Steinholt á nýju byggðarhverfi í landi Reykja, Torflækjarhreppi.

Skagafjarðarsýsla:

Hyrna á loðdýrabúi í landi Reykjaborgar, Lýtingsstaðahreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Grýtubakki III á iðnaðarbýli í landi Grýtubakka I, Grýtubakkahreppi.

Norður-Múlasýsla:

Bakki á nýbýli í landi Bakka og Bakkagerðis, Borgarfjarðarhreppi.

Suður-Múlasýsla:

Útnyrðingsstaðir II á loðdýrabúi í landi Útnyrðingsstaða, Vallahreppi.

Vestur-Skaftafellssýsla:

Snjókambar á loðdýrabúi í landi Víkur, Mýrdalshreppi.

Rangárvallasýsla:

Varða á iðnaðarbýli í landi Strandar, Rangárvallahreppi.

Kvistir á skógræktarbýli í landi Árbæjar, Holtahreppi.

Árnessýsla:

Heiðarbrún á loðdýrabúi í landi Réttarholts, Gnúpverjahreppi.

Hraunbú á loðdýrabúi í landi Réttarholts, Gnúpverjahreppi.

Daltún á garðyrkjubýli í landi Norðurbrúnar, Biskupstungnahreppi.

Slakki á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.

Leiti á iðnaðarbylí í landi Réttarholts, Gnúpverjahreppi.
Ásgerði II á loðdýrabúi í landi Ásgerðis, Hrunamannahreppi.
Espigerði á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.
Þórisstaðir I á loðdýrabúi í landi Þórisstaða, Grímsneshreppi.
Þórisstaðir II á eignarhluta Jóns H. Bjarnasonar í jörðinni Þórisstöðum, Grímsneshreppi.

Menntamálaráðuneytið, 22. desember 1986.

F.h.r.

Knútur Hallsson.

Runólfur Þórarinsson.

15. desember 1986

Nr. 525

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sagnfræðisjóð dr. Björns Þorsteinssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. desember 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sagnfræðisjóð dr. Björns Þorsteinssonar.

1. gr.

Heiti sjóðsins er: Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Guðrún Guðmundsdóttir, ekkja eftir dr. Björn Þorsteinsson og dóttir þeirra Valgerður Björnsdóttir og hafa þær þegar lagt fram kr. 50 000,00 til stofnunar sjóðsins og hefur sú fjárhæð verið afhent Háskóla Íslands til varðveislu og skal sjóðurinn alltaf vera í vörslu skólans.

3. gr.

Stofnfé og tekjur sjóðsins eru:

1. Framangreint fjárframlag, sbr. 2. gr.
2. Höfundarlaun Björns Þorsteinssonar fyrir Íslandssögu, sem væntanlega verður gefin út af Sögufélaginu á næsta ári, 1987.
3. Minningargjafir um dr. Björn og gjafir, er síðar kunna að berast sjóðnum.
4. Vaxtatekjur og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja með fjárframlögum stúdenta við nám undir kandidatspróf í sagnfræði og kandidata í sömu grein til að rannsaka og vinna að ritum um sérstök efni, er varða sögu Íslands eða efni því nátengt.

Veita má manni styrk til sams konar verkefna, er eigi hefur verið í H.Í., og er sérstakar ástæður mæla með því að mati stjórnar og öll stjórnin er sammála þar um.